

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

10. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 243/1985 um Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

*Háskóla Íslands, 7. nóvember 2002.*

**Páll Skúlason.**

*Pórður Kristinsson.*

## REGLUGERÐ

**um (2.) breytingu á reglugerð nr. 111/2001 um gerð lyfseðla og ávísun lyfja.**

1. gr.

27. gr. orðast svo:

*Skammtaöskjur og skömmunarlyfseðlar.*

Óski útgefandi lyfseðils að ávísuð lyf séu afhent í skammtaöskju er lyfjafræðingi heimilt að rjúfa pakkningar lyfs í því skyni og telst skammtaaskjan þá vera umbúðir.

Læknir skal merkja við viðeigandi reit á lyfseðli með upphafsstöfum sínum, sé þess óskað að lyf verði afhent í skammtaöskju. Slíkir lyfseðlar nefnast skömmunarlyfseðlar. Óheimilt er að ávísa á sama lyfseðli lyfi sem afgreiða á í skammtaöskju og lyfi sem ekki á að afgreiða í skammtaöskju.

Um skömmunarlyfseðla gilda eftirfarandi reglur:

1. Engin fjöldatakmörkun er á afgreiðslum skv. lyfseðlinum. Gildistími hans miðast við útgáfudag og gildir lengst í 12 mánuði, ef læknir takmarkar ekki gildistíma hans, sbr. 33. gr.
2. Rita má tvær lyfjaávisanir á hvern lyfseðil.
3. Skömmunarlyfseðill skal merktur sérstaklega og geymdur með skömmunarkorti/skömmunarbeiðni í þeirri lyfjabúð, sem ber ábyrgð á skömmuninni.
4. Skömmunarlyfseðli má ekki breyta í almennan lyfseðil. Sé lyfjaskömmun hætt er skömmunarlyfseðill ógildur.
5. Skömmunarlyfseðil má hvorki senda með rafrænum hætti né myndsenda.

Um afgreiðslu lyfja í skammtaöskju fer samkvæmt sérstakri reglugerð um skömmun lyfja.

## 2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 28. gr.:

a. 2. másl., 2. mgr. orðast svo:

Einungis má ávísa einu lyfi með hverjum fjölnota lyfseðli og gildir hann mest fyrir fjórar afgreiðslur, sbr. þó skömmtunarylfseðil skv. 27. gr.

b. 4. mgr. orðast svo:

Óheimilt er að ávísa eftirritunarskyldum lyfjum með fjölnota lyfseðli, þó er heimilt að víkja frá þessu, ef tilgreint er á lyfseðli að skammta eigi lyfið og er þá engin fjöldatak-mörkun á afgreiðslum skv. lyfseðlinum. Gildistími hans miðast við útgáfudag og gildir lengst í 12 mánuði, ef læknir takmarkar ekki gildistíma hans, sbr. 33. gr. Fjölnota lyfseðla má hvorki senda með rafrænum hætti né myndsenda.

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

## REGLUGERÐ

### um (1.) breytingu á reglugerð nr. 91/2001 um afgreiðslu lyfseðla, áritun og afhendingu lyfja.

## 1. gr.

22. gr. orðast svo:

*Eftirritunarskyld lyf.*

Lyfsalar og aðrir, sem hafa leyfi til lyfjasölu, skulu halda eftir lyfseðlum og lyfjapöntunum, er hljóða á eftirritunarskyld lyf.

Frumrit þessara lyfseðla og pöntunarblaða skulu boðsend eða send Lyfjastofnun í ábyrgðarpósti fyrir 10. dag næsta mánaðar eftir að lyfið var afgreitt. Ef greiðslu þarf að innheimta hjá Tryggingastofnun ríkisins, skal nota ljósrit af lyfseðlinum.

Þegar eftirritunarskyldu lyfi er skammtað í skammtaöskju ber að senda Lyfjastofnun afrit af skömmtunarylfseðli fyrir hverja afhendingu, svo og mánaðarlega samantekt yfir heildarmagn skammtaðra eftirritunarskyldra lyfja, þar sem fram kemur nafns lyfsins, lyfjaform, styrkleiki og heildarmagn, sem afgreitt er til einstaklings, lyfjabúðar eða til heilbrigðisstofnunar. Frumrit skömmtunarylfseðils skal sent Lyfjastofnun eftir síðustu afhendingu lyfs samkvæmt honum.

## 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 12. gr. lyfjalaga nr. 93/1994 með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 29. nóvember 2002.*

**Jón Kristjánsson.**

*Davíð Á. Gunnarsson.*

**Endurprentað blað.**